

Nd.

817. Nefndarálit

[306. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka eignarnámi hluta jarðarinnar Deildartungu í Reykholtshreppi ásamt jarðhitaréttindum.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Frv. þetta fjallar um heimild handa ríkisstjórninni til þess að taka Deildartunguhver í Borgarfirði eignarnámi í því skyni að afhenda hann síðar tilteknu hitaveitufyrirtæki til eignar og afnota. Er fullyrt í athugasemdum með frv. að eignarnámsleiðir sé óhjákvæmileg vegna þess að samningaviðræður við fulltrúa eiganda hversins hafi ekki borið árangur. Hinn meinti viljaskortur Deildartungufólks til samninga um vatnsréttindi til handa Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar er því hvati þessa frv. Fullyrðingin um viljaleysi Deildartungumanna í þessu sambandi er vægast sagt villandi, reyndar alröng, ef betur er að gætt. Hið sanna er að Deildartungumenn eru nú á þessari stundu og hafa ætíð verið fúsir til að semja um afnot af sjálfrennandi vatni úr hvernum eftir þörfum hitaveitna í Borgarfjarðarhéraði, hvort heldur er á Akranesi, Borgarnesi eða annars staðar á þeim slóðum. Hins vegar vilja Deildartungumenn eiga hverinn áfram, enda hafa ættmenn þeirra átt Deildartungu og Deildartunguhver í 200 ár.

Fulltrúar eiganda Deildartunguhvers, Björn Fr. Björnsson fyrrv. alþm. og dr. Þorsteinn Helgason dósent við verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands, hafa komið á fund iðnaðarnefndar og lýst sjónarmiðum sínum í málinu. Í máli þeirra kom fram ofanefndur vilji Deildartungumanna um afhendingu vatnsafnota, en hins vegar lögðu þeir áherslu á að hverinn væri ekki til sölu. Þeir kváðust vera vera til viðræðu hvenær sem væri um fyrirkomulag vatnsafnotanna þannig að samræmdist eignarhaldi núverandi eigenda á jörðinni og hvernum og kæmi þó hitaveitunni að fullu gagni.

Ég hef sannfærst um það eftir að hafa kynnt mér málsástæður, að frumvarp það, sem hér liggur fyrir, sýnir óbilgirni af hálfu forráðamanna Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar og óþarfa kappsemi iðnaðarráðuneytisins um að knýja fram lausn þessa máls, sem fer í bága við sjónarmið eiganda Deildartunguhvers. Það er m. a. aðfinnsluvert að af athugasemdum með frv. má ráða, að Deildartungumenn séu ekki til viðræðu um viðunandi lausn málsins á grundvelli frjálsra samninga. Þetta tel ég rangt. Ég fullyrði að Deildartungumenn vilja semja um vatnsréttindin. Deildartungumenn vilja ekki standa í vegi fyrir því að hveraorkan í landi þeirra sé nýtt. En þeir telja sig hafa rétt samkvæmt landslögum að ráða eign sinni og halda eignarráðum yfir jörð sinni, gögnum hennar og gæðum. „Sök“ þeirra er sú ein, að þeir vilja láta virða eignarrétt sinn. Þá vilja þeir að sjálfsögðu ráða að sínu leyti hvaða gjald verður greitt fyrir vatnsréttindin. M. ö. o.: Þeir vilja semja um málið.

Ég tel að forsvaranlegar samningaviðræður hafi enn ekki átt sér stað við eigendur Deildartunguhvers. Ef saga málsins síðan 1974 er rakin, kemur eftirfarandi í ljós:

1974—1976. Gerður var samningur til tveggja ára við Borgarneshrepp um vatnsafnot vegna hitaveitu. Aldrei reyndi á þennan samning, því að sveitarstjórn þar taldi aðra kosti betri til heitavatnsöflunar, þegar á hólninn kom.

1976. Akranes og Borgarnes (og e. t. v. einhver fleiri sveitarfélög) bjóðast til að kaupa hverinn fyrir 20.5 millj. kr. Skyldi greiða 10 millj. út í hönd, en afganginn með skuldabréfi á 6 árum. — Þetta boð mátti með réttu kallast fáránlegt, enda var því hafnað.

1977. Sömu aðilar bjóða greiðslu fyrir vatnsafnot sem svaraði til 2 millj. kr. á ári eða 0.7% af vatnssölu til notenda á veitusvæðinu. Því boði var hafnað, og var því á engan hátt fylgt eftir með nýjum boðum.

1978. 30. mars sendir HAB beiðni til iðnaðarráðherra um að jarðhitasvæðið í Deildartungu verði tekið eignarnámi. Ekki verður séð að neinar formlegar eða forsvaranlegar viðræður hafi átt sér stað við Deildartungufólk, áður en þessi beiðni var send ráðuneytinu.

1978—1979. Eignarnámsbeiðnin liggur í ráðuneytinu. Við Deildartungumenn er lítið sem ekkert talað fyrr en síðla á útmánuðum eða á vordögum nú 1979. Formlegir, bókaðir viðræðufundir milli Deildartungumanna og svonefnds starfshóps iðnaðarráðuneytisins fóru fram 4.—9. maí s. l. Það er mat talsmanna eiganda Deildartunguhvers, að engin viðleitni hafi verið sýnd af hálfu ráðuneytisins til þess að ná frjálsum samningum, sem þeir gætu við unað. Segir svo í „yfirliti“ Deildartungumanna yfir framvindu hitaveitumálsins, sem borist hefur öllum alþingismönnum:

„Samkvæmt þessu var hlutverk umboðsmanna eiganda hversins orðið það eitt að hlíta því verði á vatninu, sem ráðuneytinu þóknaðist að ákveða, en sæta ella eignarnámi. Slíku valdboði vildu umboðsmenn eigandans ekki lúta.“

Með skírskotun til þess, sem að framan greinir, legg ég til að málið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem ekki er fullreynt, að frjálssir samningar náist við eiganda Deildartunguhvers um afnot vatns til handa Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, telur deildin ekki rétt að heimild til eignarnáms sé lögfest nú og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 18. maí 1979.

Ingvar Gíslason.

Fylgiskjal I.

Framvinda hitaveitumálsins frá upphafi varðandi Deildartunguhver.

Örstutt yfirlit.

Deildartunguhver:

- a. Talinn stærsti hver í heimi.
- b. Gefur 180 l/s af sjálfrennandi 100°C vatni.
- c. Aflið 45.2 MW.
- d. Orkan 396 Gwh.

Um hina einstæðu eign og hið mikla og dýrmæta vatn fjallar þetta mál.

Hreppsnefnd Borgarneshrepps hafði á sínum tíma samþykkt að stofna til hitaveitu á vegum Borgarness, sem einnig ætti að þjóna víðar um Borgarfjarðarhérað. Í því skyni óskuðu fulltrúar hreppsins að fá afnot af vatni úr hvernnum allt að 30 l/s. Var máli þeirra vel tekið af eiganda hversins og gerður bráðabirgðasamningur 20. mars 1974. Samningurinn skyldi úr gildi falla, ef eigi væri innan 2ja ára frá undirskriftardegi hafinn undirbúningur að hitaveitu að því er hverinn snerti.

Hinn 8. júlí 1975 birtist viðtal við sveitarstjórnann í Borgarnesi í dagblaði og þar sagt m. a., að hverinn væri eigi lengur nauðsynlegur. Aðrir staðir kæmu frekar til greina. Síðar, eða 18. júlí 1976, barst svo tilkynning frá sveitarstjórnunum, að Orkustofnun teldi líklegt að nægilegt vatn fengist í Bæjarlandi fyrir hitaveituna. Hafði samningnum ekki verið sinnt og hann löngu fallinn úr gildi.

Í árslok 1976 kemur Akraneskaupstaður til sögu.

8. mars 1977 barst eiganda hversins skriflegt tilboð frá Akranesi og Borgarnesi í allan hverium og jarðhitaréttindi honum tilheyrandi ásamt 2 ha. lands. Fyrir þessi verðmæti voru boðnar 20.5 m.kr., útborganir 10 m.kr. og skuldabréf til 6 ára fyrir afgangi. Þessu boði var skiljanlega ekki sinnt.

Í júlí 1977 óskuðu samstarfsaðilar að hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar (SHAB) viðtals við umboðsmenn eiganda hversins. Fór það fram. Kom SHAB nú með tilboð munnlegt og boðin fram árleg greiðsla fyrir 150 l/s 0.7% af tekjum af vatnssölu eða sem samsvaraði rúmlega 2 m.kr. Einnig hér þótti umboðsmönnum eiganda skammt gengið og gerðu gagntilboð 7 kr. fyrir hvert afhent tonn árleg greiðsla. Hvoru tveggja þessu boði var hafnað.

Var í báðum tilboðum hitaveitumanna um úrslitakosti að ræða. Eðlilegum viðræðum til samninga með samkomulagi að markmiði varð því eigi komið af stað.

Þótti umboðsmönnum eiganda snemma sýnt, að SHAB stefndi gagnert að eignarnámi á hvernum og létu sig annað engu varða.

Að því rak, að SHAB sendi iðnaðarráðuneytinu bréf, dags. 30. mars 1978, þar sem óskað var eignarnáms á hvernum og öllum jarðhitaréttindum honum tilheyrandi. Rökin fyrir erindinu voru þau ein, að fullreynt væri að eigi tækist samkomulag. Þetta var þeim mun undarlegra þar sem ekki hafði gefist tækifæri til neinna samninga.

Á hausti 1978 tók iðnaðarráðuneytið málið að fullu í sínar hendur, skipaði 3ja manna starfshóp af sinni hálfu til frekari athugana varðandi eignarnámsbeiðnina. Skilaði starfshópurinn síðan álitserð 27. mars 1979.

Þegar til kom viðræðu ræddi starfshópurinn við aðila sitt í hvoru lagi.

Á bókuðum fundum tímabilið 4.—9. maí s.l. komu tvö verðtilboð frá HAB og er þá miðað við 150 l/s af vatni, árleg greiðsla 11.67 m.kr. og hið síðara 12.5 m.kr. Svo að segja allan nefndan tíma hélt HAB sér við tilboðið 12.5 m.kr. Hins vegar lækkuðu umboðsmenn eiganda verðtilboð sitt hvað eftir annað og það gert einungis til samkomulags, ef auðið væri. Þegar lokatilboð HAB kom, sem auðvitað var 12.5 m.kr., stóðu umboðsmenn eiganda á sínu fyrra tilboði, að 18 m.kr. væri föst árleg greiðsla til og með árinu 1991, en 15% af brúttóarði komi í stað föstu greiðslunnar, ef þau næmu hærri fjárhæð. Með þessum hætti lauk þessum hluta máls 9. maí s.l.

Þegar starfshópurinn tók til starfa með aðilum töldu umboðsmenn eiganda, að um milligöngu væri einungis að ræða af hálfu ráðuneytisins með aðstoð starfshópsins, sem leiða ætti til samninga og samkomulags, ef nokkur tók væru á. En því miður sýndist ljóst, að ráðuneytið væri nánast orðið sá aðili, sem við væri að skipta, en HAB vikið til hliðar. Af bókunum í fundargerðum mátti ráða, að ráðuneytið hefði í upphafi viðræðna ákveðið, hvert hámark árlegrar greiðslu fyrir vatnið skyldi vera, og ekkert líklegra en það hafi einmitt verið síðasta greiðslutilboðið eða 12.5 m.kr., sem lengst var staðið á. Leyfi ráðuneytisins til starfrækslu hitaveitunnar fengist ekki, ef yfir nefnt mark væri farið.

Samkvæmt þessu var hlutverk umboðsmanna eiganda hversins því orðið það eitt að hlíta því verði á vatninu, sem ráðuneytinu þóknaðist að ákveða, en sæta ella eignarnámi. Slíku valdboði vildu umboðsmenn eigandans ekki lúta.

Bent skal á, að í greinargerð eignarnámsfrv. segir m. a.: „voru samningstillraunir árangurslausar“. Í raun voru þær engar.

17. maí 1979.

Umboðsmenn eiganda Deildartunguhvers.

Fylgiskjal II.

EIGNARNÁM DEILDARTUNGUHVERS

Grundvöllur tilboða um kaup á vatni frá Deildartunguhver.

Á fundi fulltrúa eiganda Deildartunguhvers með starfshópi iðnaðarráðuneytisins þann 25. 4. 1979 var því lýst yfir, að af hálfu ráðherra væru kaup ríkisins á hvernum ekki til umræðu. Starfshópurinn fór fram á að stuðst yrði við verðlag 1. 1. 1979 og að umræður snerust ekki um önnur afnot af hvernum en til HAB. Var gengið að þessum tilmælum gegn því, að eingöngu yrði rætt um nýtingu vatnsins til húshitunar af hálfu HAB. Á þetta var fallist.

Þar eð fulltrúum eiganda Deildartunguhvers var ljóst, að verðlag á olíu breytist reglulega til hækkunar með samsvarandi aukningu á verðmæti hversins, kusu þeir að tryggja aðstöðu sína með því að fara fram á hlutdeild í væntanlegum brúttóarði hitaveitunnar eins og hann yrði á hverjum tíma. Litu þeir svo á, að lánsfé hitaveitunnar væri þegar tryggt með 10–12% árlegum raunvöxtum, eins og fram kemur í skýrslu starfshópsins. Eðlilegt væri því, að brúttóarður hitaveitunnar rynni til þeirra aðila, sem legðu fram bein verðmæti til hennar, þ. e. a. s. notenda veitunnar og eigenda viðkomandi jarðhitaréttinda.

Í skýrslu VST um hitaveituframkvæmdirnar, sept. 1977, er gert ráð fyrir, að notendur greiði í upphafi 639 m.kr. í heimæðagjöldum. Samsvarandi upphæð 1. 1. 1979 er 1085 m. kr. Auk þessa þurfa notendur að bera kostnað af mælagrind og breytingum á húskerfum. Þörf fyrir breytingar yrði mest á Akranesi, þar eð aðeins er gert ráð fyrir 75° vatnshita þar á upphafsárum hitaveitunnar, en fyrirliggjandi húskerfi voru hönnuð fyrir oliukyndingu, sem gefur 90° vatnshita. Var slíkur kostnaður ríflega metinn á 1200 m.kr. Heildarkostnaður notenda af hitaveitunni var því áætlaður 2300 m.kr. eða um 350 000 kr. á hvern íbúa á markaðssvæði hitaveitunnar. Hafa ber í huga að skýrsla starfshópsins fjallar aðeins um rekstur hitaveitunnar, en ekki um raunkostnað notendanna.

Með tilliti til þess að í Deildartunguhver er um 180 l/s sjálfrennsli 100° vatns að ræða, þótti rétt að miða framlag hans til hitaveitunnar við þann kostnað, sem hlytist af því að ná samsvarandi vatnsmagni upp á yfirborðið á öðrum jarðhitasvæðum, svo sem við Bæ. Áætlað er í skýrslu starfshópsins, að borun og virkjun borhola við Bæ, að kostnaði 180 m.kr., gefi af sér 60 l/s af 93° vatni, miðað við toppálag hálf t. árið, en 50 l/s að jafnaði. Borholur og dælur þarfnast endurnýjunar á 15 ára fresti auk þess að rekstrarkostnaður er nokkur. Ef aðeins er miðað við upphaflegan kostnað og nýtingu vatnsins við kælingu niður í 40° svarar sjálfrennsli Deildartunguhvers til 734 m.kr. jafnvirðis. Þegar tillit er tekið til endurnýjunar- og rekstrarkostnaðar ásamt áhættu við að borun takist illa, stóreykst verðmæti sjálfrennslisins. Fulltrúum eiganda Deildartunguhvers þótti hæfilegt að miða framlag sitt á fyrstu 20 rekstrarárum hitaveitunnar við 1000 m.kr., en á þeim tíma sér hverinn fyrir að meðaltali 85–90% af vatnsmagni veitunnar. Á þessum grundvelli er heildarframlag notenda og eigenda Deildartunguhvers 3300 m.kr. og hlutdeild hversins 30%. Fóru fulltrúar eigenda því í upphafi fram á að fá 30% hlutdeild í brúttóarði veitunnar.

Deildartunguhver er staðsettur í blómlegu landbúnaðarhéraði. Full nýting þeirrar orku, sem í hvernum býr, næst aðeins á staðnum og er þá eðlilegt að taka verð á heitu vatni til gróðurhúsanoðkunar til viðmiðunar í verðlagningu vatnsins. Í ágúst 1977 greiddu húseigendur og iðnrekendur í Hveragerði 1140 kr. á mánuði fyrir hvern mínútulítra af 80° heitu vatni um hemil, auk 960 kr. mælaleigu. Til ylræktar var vatnið selt á 397 kr. fyrir hvern mínútulítra auk 2400 kr. mælaleigu. Miðað við að fullt rennsli væri alltaf um hemilinn, svarar vatnsgjaldið eitt til 9.20 kr. pr. tonn. Samsvarandi verð fyrir 100° vatn frá Deildartungu væri 13.80 kr. sem jafngilda 23.42 kr. á verðlagi 1. 1. 1979. Upphaflegt tilboð fulltrúa eigenda Deildar-

tungu miðaði við fastagjald, sem svaraði um 10 kr. fyrir hvert tonn, miðað við 150 l/s rennsli allt árið eða 48 m.kr.

Aðeins er um að ræða eitt óháð mat á verðmæti Deildartunguhvers m. t. t. hitaveitu fyrir Akranes og Borgarnes. Er það að finna í skýrslu VST frá september 1973, og er þar talið að hæfilegt gjald til eiganda hversins sé 500 kr. árlega á hvern íbúa. Á verðlagi 1. 1. 1979 svarar þetta gjald til 2960 kr. árlega á hvern íbúa eða 19.24 m.kr. alls fyrir hina 6500 íbúa á markaðssvæði veitunnar. Síðan hefur olúverð OPEC fimmfaldast.

Framkomin tilboð.

DEILDARTUNGA	HAB
25.4. 48 m. fyrir 150 l/s eða 30% arðs	
4.5.	14. m. fyrir 180 l/s (11.67 m. @ 150 l/s)
5.5. 35 m. fyrir 150 l/s eða 30% arðs	
7.5. 22 m. fyrir 150 l/s eða 20% arðs	
8.5.	15 m. fyrir 180 l/s (12.5 m. @ 150 l/s)
8.5. 20 m. fyrir 150 l/s eða 20% arðs	
9.5. 18 m. fyrir 150 l/s eða 15% arðs	
9.5.	Síðasta tilboð er lokatilboð
9.5. Síðasta tilboð er lokatilboð	

Þann 5. maí er skráð svohljóðandi bókun í fundargerð þá, er starfshópur ráðuneytisins hélt:

„GE upplýsir, að HAB muni ekki hafa umtalsvert svigrúm til endurskoðunar á tilboði sínu, enda séu þeir háðir starfsleyfi ráðuneytisins. Upplýsir Gísli að tilboð HAB sé mjög tekið að þrengja að þeim ramma sem líklegt er að hljóti brautargengi ráðuneytisins.

Starfshópurinn lýsir því yfir að hann sé reiðubúinn að draga sig í hlé út úr viðræðunum, þegar sá rammi er á enda runninn, sem honum er settur af hálfu ráðuneytis og reyna að koma beinum viðræðum á.“

Má nú ljóst vera að mikill samningsvilji var fyrir hendi af hálfu fulltrúa eiganda Deildartunguhvers, en hafi verið um samningsvilja að ræða af hálfu HAB þá voru þeir bundnir af verðákvörðun ráðherra.

Í greinargerð með eignarnámsfrumvarpinu kemur fram, að HAB telur fyrra tilboð sitt svara til 8% af heildarhagnaði veitunnar, á 30 ára samningstíma, að því er varðar hlutdeild Deildartunguhvers í heildarvatnsöflun veitunnar. Í raun svarar tilboð þetta til 4% hlutdeildar í núvirði brúttóarðs veitunnar eftir 30 ára rekstur, eins og hann er reiknaður í skýrslu starfshópsins, greidd sem árlegt fastagjald.

Fulltrúar eiganda Deildartunguhvers gátu ekki fallist á að árlegt fastagjald, grundvallað á skýrslu starfshópsins, gæfi sanngjarna viðmiðun á verðmæti hversins.

Arðhlutdeild HAB.

HAB er fyrirtæki sem ekki er ætlað að safna eigin arði, heldur að skila honum til notenda í formi lækkaðs útsöluverðs á heitu vatni. Arður HAB rennur því beint til notenda og er þeim skattfrjáls.

Arðhlutdeild HAB fyrstu 20 rekstrarárin er að núvirði árið 1982 jafnvirði 2697.2 m.kr., ef miðað er við lokatilboð HAB, eða 2427.9 m.kr., ef miðað er við lokatilboð Deildartungu.

Ef framlag notenda HAB, 2300 m.kr., er ávaxtað með 7% árlegum raunvöxtum og vaxtavöxtum í 20 ár og endanlegur arður síðan afvaxtaður með 6% vöxtum, á sama hátt og gert var með brúttóarð HAB, er núvirði arðsins árið 1982 jafnvirði 2058 m.kr. Sé féð ávaxtað með 8% árlegum raunvöxtum er núvirði arðsins árið 1982 jafnvirði 2625 m.kr.

Mismunur tilboðanna kemur fram sem krafa HAB um smávægilega aukningu á raunvöxtum sem þegar eru tvöfalt hagstæðari en vextir ríkistryggðra skuldabréfa.

SAMANBURÐUR LOKATILBOÐA

Lokatilboð HAB

Ár	Brúttóarður	Greiðsla til D	Arður til HAB	Árleg afvöxtun 6%	Núvirði greiðslu D 1982	Núvirði arðs HAB 1982
1982	93.8	12.5	81.3	0.943	11.8	76.7
83	83.5	12.5	71.0	0.890	11.1	63.2
84	97.6	12.5	85.1	0.840	10.5	71.5
85	118.8	12.5	106.3	0.792	9.9	84.2
86	129.6	12.5	117.1	0.747	9.3	87.5
87	135.3	12.5	122.8	0.705	8.8	86.6
88	168.3	12.5	155.8	0.665	8.3	103.6
89	199.4	12.5	186.9	0.627	7.8	117.2
90	233.4	12.5	220.9	0.592	7.4	130.8
91	264.0	12.5	251.5	0.558	7.0	140.3
92	292.2	12.5	279.7	0.527	6.6	147.4
93	326.1	12.5	313.6	0.497	6.2	155.9
94	359.5	12.5	347.0	0.469	5.9	162.7
95	393.6	12.5	381.1	0.442	5.5	168.4
96	430.0	12.5	417.5	0.417	5.2	174.1
97	472.1	12.5	459.6	0.394	4.9	181.1
98	498.5	12.5	486.0	0.371	4.6	180.3
99	541.9	12.5	529.4	0.350	4.4	185.3
2000	589.3	12.5	576.8	0.331	4.1	190.9
01	620.0	12.5	607.5	0.312	3.9	189.5
Summa		250.0	5796.9		143.2	2697.2
	6046.9		6046.9 m.kr.			2840.4 m.kr.

Lokatilboð Deildartungu

1982	93.8	18.0	75.8	0.943	17.0	71.5
83	83.5	18.0	65.5	0.890	16.0	58.3
84	97.6	18.0	79.6	0.840	15.1	66.9
85	118.8	18.0	100.8	0.792	14.3	79.8
86	129.6	18.0	111.6	0.747	13.4	83.4
87	135.3	18.0	117.3	0.705	12.7	82.7
88	168.3	18.0	150.3	0.665	12.0	99.9
89	199.4	18.0	181.4	0.627	11.3	113.7
90	233.4	18.0	215.4	0.592	10.7	127.5
91	264.0	39.6	224.4	0.558	22.1	125.2
92	292.2	43.8	248.4	0.527	23.1	130.9
93	326.1	48.9	277.2	0.497	24.3	137.8
94	359.5	53.9	305.6	0.469	25.3	143.3
95	393.6	59.0	334.6	0.442	26.1	147.9
96	430.0	64.5	365.5	0.417	26.9	152.4
97	472.1	70.8	401.3	0.394	27.9	158.1
98	498.5	74.8	423.7	0.371	27.8	157.2
99	541.9	81.3	460.6	0.350	28.5	161.2
2000	589.3	88.4	500.9	0.331	29.3	165.8
01	620.0	93.0	527.0	0.312	29.0	164.4
Summa		880.0	5166.9		412.8	2427.9
	6046.9		6046.9 m.kr.			2840.7 m.kr.

Er bókun samninganefndar HAB þann 8. maí:

„Að með tilboði sínu fyrir í dag hafi þeir, miðað við framkomin gögn og upplýsingar, meðal annars um arðsemi veitunnar, gengið eins langt og þeir geti réttlætt gagnvart stjórn HAB og væntanlegum neytendum á veitusvæði HAB“ því talin markleysa ein.

Arðhlutdeild eiganda Deildartunguhvers.

Árgreiðslur til eiganda Deildartunguhvers eru skattskyldar. Enn fremur leiða þessar árgreiðslur til samsvarandi fasteignamats á hvernum (tíöld árgreiðsla) og eru fasteignagjöld og eignarskattar í samræmi við það mat.

Lokatilboð HAB gerir ráð fyrir 12.5 m.kr. árgreiðslu. Lokatilboð eiganda Deildartunguhvers er að núvirði 1982 jafnvirði 412.8 m.kr., miðað við 6% afvöxtun, en það svarar til 36.0 m.kr. árgreiðslna í 20 ár.

Ef miðað er við skattreglur eins og þær eru við ákvörðun skatta fyrir árið 1978 og gert ráð fyrir að árgreiðsla eigi sér stað 31. 12. 1978, en komi til skatts 1. 1. 1979, kemur eftirfarandi fram:

	Lokatilboð HAB	Lokatilboð D
Tekjuskattur	5.13 m.kr.	17.00 m.kr.
Eignarskattur	1.38 —	4.22 —
Sjúkratryggingargjald	0.23 —	0.70 —
Útsvar	1.38 —	3.96 —
Fasteignagjald	1.88 —	5.40 —
	<hr/>	<hr/>
	10.00 m.kr.	31.28 m.kr.
Nettó árlegur arður	2.50 —	4.72 —
	<hr/>	<hr/>
	12.50 m.kr.	36.00 m.kr.

Miðað við 6% árlega afvöxtun skiptist núvirði 1982 af greiðslum til eiganda Deildartungu svo:

	Lokatilboð HAB	Lokatilboð D
Ríkissjóður	77.31 m.kr.	251.42 m.kr.
Sveitarfélög	37.39 —	107.36 —
Eigandi hversins	28.67 —	54.14 —
	<hr/>	<hr/>
	143.37 m. kr.	412.92 m. kr.

Nettóarður eiganda Deildartunguhvers er því hverfandi lítill og sést hér glögglega hve langt hefur verið gengið í samkomulagsátt og þá með það eitt fyrir augum að eigandi fengi að halda eign sinni.

Arðhlutdeild ríkissjóðs.

Fram hefur komið, að rúmur helmingur greiðslna HAB til eiganda Deildartunguhvers fellur árlega í ríkissjóð í formi skatta. Á miðju ári 1979 er jafnvirði þeirra skatttekna, sem að ofan eru greindar, miðað við 6% afvöxtun, 68.8 m.kr. fyrir lokatilboð HAB og 223.8 m.kr. fyrir lokatilboð eiganda Deildartunguhvers.

Komi til eignarnáms þarf ríkissjóður að greiða fullar bætur til eiganda hversins. Miðað við staðgreiðslu. Kostnaður ríkissjóðs af eignarnáminu er því ekki minni en:

Lokatilboð HAB: 68.8 m.kr. + bætur.

Lokatilboð D: 223.8 m.kr. + bætur.

Jafnframt ber þess að geta, að eignarnámshætur eru eiganda Deildartunguhvers skattfrjálsar.

Verður nú ekki komist hjá því að spyrja:

- a) Hver er áætluð upphæð eignarnámsbóta?
- b) Er ríkissjóði hagur af eignarnámi hversins?
- c) Er HAB hagur af eignarnámi hversins?

Gera má ráð fyrir, að ríkissjóður nýti fjárhæð þá, sem ætluð er HAB á lánsfjár-áætlun yfirstandandi árs, til að greiða væntanlegar eignarnámsbætur. Skyldi hagur HAB verða svo rýr að loknum þeim greiðslum að lítið yrði úr framkvæmdum á þessu ári?

Verðmæti Deildartunguhvers.

Nokkur vísibending um það mat, sem HAB og starfshópur ráðuneytisins leggja á jarðhitaréttindi þau sem fyrirhugað er að nýta í þágu HAB, felst í þeim 8% af heildarverði sem nefnd eru í tilboði HAB frá 4. maí og koma fram í greinargerð með frumvarpinu. Hlutdeild Deildartungu í þessum 8% er mjög vanmetin að dómi fulltrúa eigenda hversins.

Miðað við verðlag 1. 1. 1979 reiknast starfshópi ráðuneytisins til, að núvirði brúttóarðs veitunnar fram til ársins 2050 sé 4 933 m.kr. og er þá gert ráð fyrir 6% afvöxtun. Fulltrúar eigenda Deildartunguhvers hafa ýmsar athugasemdir við þennan reikning að gera.

Séu hins vegar arðskipting HAB og núvirði brúttóarðs starfshópsins lögð til grundvallar, verður staðgreiðsluverðmæti hins sjálfrennandi vatns frá Deildartunguhver ekki undir $0.04 \times 4\,933 = 197$ m.kr.

Verðmæti þeirrar varmaorku, sem fengist með borunum, er enn ómetið, sem og bætur fyrir landspildu þá er tekin skal eignarnámi.

Nú er arðsemi HAB og jafnframt reiknað verðmæti hversins, miðað við nýtingu hans til HAB, mjög háð olíuverði og byggingarkostnaði. Frá 1. 1. 1979, sem er grundvöllur skýrslu starfshópsins, fram til 15. 5. 1979 hefur olíuverð hækkað frá 57.55 kr./lítra í 103.05 kr./lítra meðan byggingarkostnaður hefur hækkað um 13.2%. Ef miðað er við olíuverð 103 kr., sem jafngildir 16.22 kr./kwh og 13.2% aukningu bæði fjármagns- og rekstrarkostnaðar, fæst meðfylgjandi tafla, sem sýnir að núvirði brúttóarðs veitunnar yrði 39 046 m.kr. og staðgreiðsluverðmæti sjálfrennslis úr hvernum $0.04 \times 39\,046 = 1\,562$ m.kr.

Orkuverð og ábati HAB miðað við núverandi verðlag.

Ár	Orkuvinnsla Gwh	Orkuvirði @ 16.22 kr./kwh	Vinnslukostn. 1. 1. '79.	Vinnslukostn. 15.5. '79 13.2%	Brúttóarður m.kr.	6% afvöxtun	Núvirði brúttó- arðs m. kr.
1982	95.8	1 553.9	774.1	876.3	677.6	0.8396	568.9
1983	100.0	1 622.0	822.5	931.1	690.0	0.7921	547.3
1984	104.3	1 691.8	847.4	959.3	732.5	0.7473	547.4
1985	108.2	1 755.0	861.5	975.2	779.8	0.7050	549.8
1986	112.0	1 816.6	885.1	1 001.9	814.7	0.6651	541.9
1987	117.3	1 902.6	927.4	1 049.8	852.8	0.6254	533.3
1988	122.7	1 990.2	943.4	1 067.9	922.3	0.5919	545.9
1989	127.7	2 071.3	957.6	1 084.0	987.3	0.5584	551.3
1990	133.3	2 162.1	974.6	1 103.3	1 058.9	0.5268	557.8
1991	139.3	2 259.5	998.1	1 129.9	1 129.6	0.4970	561.4
1992	144.2	2 338.9	1 014.3	1 148.2	1 190.7	0.4688	558.2
1993	149.5	2 424.9	1 028.4	1 164.2	1 260.7	0.4423	557.6
1994	154.8	2 510.9	1 043.0	1 180.7	1 330.2	0.4173	555.1
1995	160.9	2 609.8	1 064.2	1 204.7	1 405.1	0.3936	553.1
1996	166.5	2 700.6	1 078.5	1 220.9	1 479.8	0.3714	549.6
1997	172.7	2 801.2	1 092.6	1 236.8	1 564.4	0.3504	548.2
1998	179.2	2 906.6	1 125.1	1 273.6	1 633.0	0.3305	539.7
1999	185.7	3 012.1	1 140.5	1 291.0	1 721.0	0.3118	536.6
2000	192.5	3 122.4	1 154.7	1 307.1	1 815.2	0.2941	533.9
2001-2050						<u>28 609.5</u>
							39 046.5 @ 3%
							= 1 171.4 m. @ 4%
							= 1 561.9 m. @ 5%
							= 1 952.3 m.

Fulltrúar eigenda Deildartunguhvers taka fram að ofangreindur reikningur byggir á forsendum HAB og starfshópsins og vilja ekki gera hann að sínum.